

Umhverfisnefnd  
Nefndasvið Alþingis  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. maí 2010  
2010050014/42-1-3  
TB  
jgo/tb

### Frumvarp til laga um erfðabreyttar lífverur, 516. mál

Vísað er til bréfs/tölvupósts frá Umhverfisnefnd Alþingis, dags. 6. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um erfðabreyttar lífverur (EES-reglur, upplýsingagjöf til almennings), 516. mál.

Náttúrufræðistofnun Íslands styður framangreint frumvarp til breytinga á lögum um erfðabreyttar lífverur og telur það vera mjög til bóta. Stofnunin fagnar því að nú skuli sérstaklega vera nefnt að markmið laganna sé m.a. að vernda líffræðilega fjölbreytni. Einnig er það mjög til bóta að réttur almennings til upplýsinga og umsagna um einstök mál sé gerður skýrari og einnig hlutverk Umhverfisstofnunar og ráðgjafanefndar. Í 3. gr. c lið þar sem skilgreint er slepping eða dreifing mætti bæta orðlag þar sem segir: .....*með veggjum til að hindra.* ....., sem mætti vera .....*með veggjum eða öðrum tálmunum til að hindra.....* Að öðru leyti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

